



Íslenska 6. bekkur 2024-2025

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar eins og segir í Aðalnámskrá grunnskóla. Lestur er öflugt og nauðsynlegt verkfæri fyrir nemendur til að sækja sér þekkingu og getur einnig stutt við getu nemenda til að tjá sig munnlega og skriflega, enda er tjáning mikilvæg til að geta tekið þátt í samfélaginu. Hlutverk íslenskukennara er að stuðla að því að nemendur öðlist þekkingu á tungumálinu og leikni í að nota það við fjölbreyttar aðstæður. Hæfniviðmiðum íslensku er skipt í fjóra flokka og eru þeir: talað mál, hlustun og áhorf; lestur og bókmenntir; ritun og málfræði. Markmið kennslunnar er að taka á öllum þessum flokkum með fjölbreyttum kennsluaðferðum og námsefni.

Kennsluaðferðir

Kennari notar fjölbreyttar kennsluaðferðir eins og stöðvavinnu, beina kennslu, innlagnir, samvinnunám. Kennt er í stórum og litlum hópum þar sem kennari nýtir sér hringekjuaðferð þar sem öllum nemendahópnum er skipt í fjóra hópa. Hver kennslustund hefst á innlögn þar sem nemendum er gert grein fyrir til hvers er ætlast af þeim í lotunni og hvaða námsefni liggur fyrir.

Námsefni og gögn

Málrækt 2, lestrarkassinn, Orðspor 2 lesbók og vinnubók, Smellur, Finnbjörg, hefti um stafsetningarreglur, orðabækur, ljóðabækur, hefti um nafnorð, lýsingarorð, sagnorð og stafsetningu, ýmis verkefni í tölvum.

Námsmat

Kennari metur virkni og vinnusemi í kennslustundum og leggur fyrir kannanir.

Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og endurgjöf er regluleg. Leiðsagnarnám hefur skýran tilgang, er greinandi, jákvætt og gagnlegt. Tilgangurinn er að nemendur geti notað endurgjöfina til að meta hvort þeir hafi náð árangri.

Kennarar: Alda Ólafsdóttir og Hjalti Einar Sigurbjörnsson